

Laugarási, 27.september 2022



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Efni: Beiðni um greiningu á þörf fyrir dagþjónustu

Heilsugæslan í Laugarási og Velferðarþjónusta Árneshöfða í Laugarási fagna hugmyndum um dagþjónustu á vegum sveitarfélaganna.

Við teljum að dagþjónusta fyrir aldraða sé mjög mikilvægur þáttur í þjónustu við íbúa svæðisins. Þörfin er að okkar mati mjög mikil og tilkoma dagþjónustu myndi auðvelda okkur talsvert að sinna einstaklingum enn betur en nú er gert.

Í dag eru 40 einstaklingar sem njóta þjónustu heimahjúkrunar heilsugæslunnar í Laugarási og félagsþjónustan þjónustar 70 heimili. Allir skjólstæðingar heimahjúkrunar og mikill meirihluti skjólstæðinga félagsþjónustunnar hefðu að okkar mati not fyrir dagþjónustu

Dagþjónusta minnkar líkur á félagslegri einangrun og stuðlar að því að einstaklingar geti búið lengur heima. Mikill meirihluti okkar skjólstæðinga býr við félagslega einangrun og sjáum við tækifæri til þess að auka öryggi skjólstæðinga og efla sjálfstæði og færni með tilkomu dagvistar.

Við sjáum fram á að dagþjónusta komi til með að létta mikið álagi af aðstandendum þar sem mikið umönnunarálag skapast oft á aðstandendur.

Virðingarfyllst,

F.hönd heilsugæslunnar og velferðarþjónustu,

Jóhanna Valgeirsdóttir, hjúkrunarstjóri heilsugæslunnar

Sigrún Símonardóttir, Forstöðumaður heimaþjónustu